

Kiwanis

UMDÆMIÐ ISLAND - FÆREYJAR



Gleðileg jól!



www.kiwanis.is

Ritstjórapistill

Ágætu félagar

Nú er hafið nýtt starfsár og vetur konungur hefur barið að dyrum. Umdæmisþingið okkar á Höfn markaði svo sannarlega þátt kvenna í hreyfingunni. Í fyrsta sinni í sögu Kiwanis á Íslandi var kona kjörin kjörumdæmisstjóri og önnur fékk byr undir báða vængi sem kjörkjörumdæmisstjóri. Óska ég þeim báðum velfarnaðar í starfi. Fjölgun hefur orðið í hreyfingunni og eru það vissulega gleðitíðindi og held ég að við getum ekki annað en horft björtum augum til framtíðarinnar og áður en við vitum af eru jólin gengin í garð með allri sinni dýrd. Klúbbfélagar leggja mikið á sig fyrir jólin við að selja jólavarning sem rennur síðan í styrktarsjóða klúbbanna og má segja að þarna leggi Kiwanisfélagar á sig auka álag svona rétt fyrir jólin. Ekki bitnar það síst á fjölskyldum okkar, sem

eins og ávallt standa þétt við bakið á okkur í þessu sjálfbodastarfi.

Dreifing á blaðinu verður með sama hætti og áður hefur verið.

Þá vil ég hvetja alla féлага að senda okkur fréttir hvort sem þær eru smáar eða stórar - og ef þú Kiwanisfélagi góður, hefur eitthvað gott í pokahorninu handa okkur, þá láttu okkur endilega vita. Enn á ný og aftur og aftur hvet ég ykkur til að láta Umdæmið vita um allar breytingar á félagatalinu, svo það auðveldi Umdæminu að koma til ykkar því efni sem þarf að berast til ykkar. Að lokum óskum við hjónin öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir skemmtileg og ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Með jólakveðjum

Því Marta Baldursdóttir
ritstjóri Kiwanisfréttu



Á jólaföstu 2011

Jólin eru sú hátíð ársins sem jafnan vekur mesta eftirvæntingu í hugum fólks enda ber undirbúningstími þeirra, aðventan, það með sér að eitthvað mikilvægt er í nánd. Jólin eru þeirrar náttúru að draga fram hið góða í manningum, enda eru þau hátíðleg haldin í tilefni þess besta sem hent hefur heimsbyggðina, en það er auðvitað fæðing frelsarans Jesú Krists. Það er alls engin tilviljun að tímatal okkar skuli miðað við einmitt þennan atburð. Eftirvæntingu jólaanna fylgir mikið tilstand því að allir vilja gera sér dagamun á þessari helgu hátíð, dagamun sem ekki síst er fólgin í því að gleðja aðra.

Kærleikurinn til náungans er virkur máttur sem kveikir löngun hjá fólki að

láta gott af sér leiða. Hinn kristni kærleikur á upptök sín hjá Guði og gerði vart við sig með eftirminnilegum hætti í gripahúsi í Betlehem. Kærleikurinn er þess eðlis að því meir sem ausið er af kærleiksbrunni manns verður hann æ ríkari af kærleika. Ástandið í heiminum og örbyrgð sú sem víða blasir við, bæði hér heima og úti í hinum stóra heimi, kallar á kærleiksverk allra kristinna manna.


Hvernig sem aðstæður okkar eru þá styttest nú til jóla. Öll þurfum við að spyrja okkur þeirrar spurningar hvað koma Krists tákna fyrir okkar eigin aðstæður. Eitt af því sem gerir jólin svo stórkostleg er að ekkert er spurt um verðleika. Jesús Kristur óskar eftir því að fá rúm í hjarta þínu hver sem þú ert og hvað sem þú gerir.

Enginn annar en þú sjálfur getur hleypt honum þangað inn.

Koma Krists í heiminn á hinum fyrstu jólaum breytti heiminum. Á sama hátt breytir það lífi manna til batnaðar enn í dag að taka á móti Jesú Kristi og búa honum stað í hjarta sínu. Það er hlutverk adventunnar að undirbúa komu Krists. Gjöf Guðs, Jesús Kristur, er fyrsta og besta jólagjöfin sem gefin hefur verið. Þess vegna krefst það undirbúnings að taka á móti henni. Megi hann finna stað hjá þér á helgri hátíð. Guð gefi þér og þínum gleðilega jólahátíð.

Í Guðs friði,

Sigurður Kr. Sigurðsson
Sóknarprestur Höfn í Hornafirði



Kiwanis

40. árg. • 3. tbl. • desember 2011

Útgefandi:
Ábyrgðarmaður:
Ritstjóri:
Forsíðumynd:
Prentvinnsla:

Kiwanisumdæmið Ísland - Færeyjar
Ragnar Örn Pétursson
Því Marta Baldursdóttir, Sólborg
Hafnarkirkja, tekin af Sigurði Mar Halldórssyni
Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja



Það er gaman saman í Kiwanis

Ágætu Kiwanisfélagar,
Ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir ánægjulegt umdæmisþing á Höfn í Hornafirði og sérstaklega vil ég þakka Ós-félögum fyrir góðan undirbúning og vel skipulagt þing. Það er mikil vinna sem félagar leggja á sig við umsýslu á slíku þingi, en það ánægjulega er, að sú vinna skilar sér í meiri samheldni félaga og styrkir allt klúbbstarf til framtíðar litið.

Nokkrar veigamiklar breytingar voru gerðar á skipulagi hreyfingarinnar og ber þar hæst nýtt svæðaskipulag sem tók gildi 1. október s.l. Þá var svæðum fækkað úr sex í fimm og Þórs- og Grettissvæði lögð niður. Færeyjar voru gerðar að sér svæði og nokkrir klúbbar færðust á milli svæða. Fyrir stuttu voru fundir haldnir í öllum svæðum og átti ég kost á því að sitja tvo af þeim, í Óðinssvæði og Ægissvæði. Þá kom það skýrt fram á umdæmisstjórnarfundum nú í lok nóvember að mikil gróska er í starfi klúbbanna í öllum svæðum og félögum hefur fjölgað um hátt í 10 frá því að nýtt starfsár hófst. Þetta segir manni að sú breyting sem byrjað var að ræða fyrir tveimur árum varðandi breytt svæðaskipulag hafi verið hárrétt.

Á þinginu á Höfn var samþykkt endurskoðuð Stefnumótun Kiwanis til næstu fimm ára, en stefnumótunarnefnd hafði unnið við þessa endurskoðun síðustu mánuði. Í henni er framkvæmdaáætlun sem stuðst er við og á að endurskoðast árlega.

Ný og breytt fyrirmyndarviðmið voru kynnt á þinginu og hafa þau verið einfölduð til muna og áhersla þessarar umdæmisstjórnar er að sem flestir klúbbar nái markmiði sínu að vera fyrirmyndarklúbbar.

Upplýsingar um þessi atriði ásamt fjölmörgum öðrum er að finna á heimasíðu okkar kiwanis.is og þar eru einnig önnur gögn sem gaman er að skoða. Hvet ég alla til að fara reglulega inn á heimasíðuna og skrifa fréttir og taka þátt í spjallinu og þeim könnunum sem eru í gangi.

Nokkrar breytingar voru gerðar á starfi fræðslunefndar og fór hluti fræðslunnar fram bæði í Reykjavík og á Akureyri, auk þess sem varðandi embættismenn fengu fræðslu á þinginu á Höfn. Allt fræðsluefni er aðgengilegt á glærum á heimasíðunni



Umdæmisstjórahjónin Ragnar og Sígga

og þá hefur fræðslunefnd útbúið það sem kalla má, nokkur atriði til að gera góðan klúbb betri. Hafa nefndarmenn boðist til að heimsækja klúbba og ræða um innra starf þeirra, þar á meðal nefndarstörf o.fl. Hefur þetta mælst vel fyrir og hafa nefndarmenn heimsótt hátt í 10 klúbba núna í haust.

Nýjar áherslur hafa verið settar fram varðandi fjölgunar – og útbreiðslumál og þar er lögð áhersla á að vinna til lengri tíma, eins og við köllum það, langhlaup en ekki spretthlaup. Útbreiðslunefnd hefur verið skipuð og samhliða henni starfar kvennanefnd. Umdæmisstjórn hefur gert áætlun um að þetta verkefni nefndanna verði til þriggja ára. Nefndirnar hafa að

markmiði að draga fram það jákvæða hjá okkur í hreyfingunni, vera í sambandi við kjörsvæðisstjóra og kjörforseta klúbbanna og hafa að leiðarljósi að það er gaman saman í Kiwanis. Ef okkur tekst að breyta umræðunni og ávallt tala um jákvæða hluti og hve gaman sé að starfa að hinum ýmsu verkefnum þá virkjum við áhuga annarra á því að ganga til liðs við okkur.

Ágætu Kiwanisfélagar, við Sígga sendum ykkur baráttukveðjur í þeim störfum sem framundan eru og óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju Kiwanisári.

*Ragnar Örn Pétursson
umdæmisstjóri*

Dyngja, nýr kvennaklúbbur í Reykjavík

Fyrr um það bil ári síðan hóf Kvennefnend Umdæmisins að hrinda í framkvæmd áformun um að stofna nýjan kvennaklúbb í Reykjavík, en nokkuð langt er síðan kvennaklúbbur hefur starfað í Höfuðborginni.

Síðla árs 2010 fóru nokkrar konur að hittast ásamt kvennanefndarkonum og í ársbyrjun 2011 bættust síðan fleiri konur í hópinn. Fljótlega var ákveðið að stofna klúbb og honum valið nafnið Dyngja. Kiwanisklúbburinn Sólborg í Hafnarfirði tók að sér að fóstura þennan nýja klúbb og koma honum á legg og hafa Sólborgarkonur staðið dyggilega við bakið á okkur þetta ár. Við teljum okkur mjög heppnar með „fósturforeldra“.

Fyrstu átta konurnar voru teknar formlega inn þann 8. apríl og síðan hafa komið inn fimm konur til viðbótar. Enn sem komið er starfar Dyngja sem græðlingsklúbbur Sólborgar, þar til við höfum náð tilskyldum fjölda til að geta stofnað klúbbinn formlega en það stefnum við á að gera haustið 2012. Í Dyngju hefur valist saman hópur af áhugasömum konum og þrátt fyrir að við séum enn græðlingsklúbbur er starfið orðið nokkuð öflugt. Við höldum fundi reglulega, annan hvern þriðjudag í húsi Kiwanisklúbbsins Elliða við Grensásveg. Við leggjum áherslu á að nýta þetta starfsár vel til að afla okkur fræðslu og kynna okkur starf og hefðir Kiwanishreyfingarinnar til þess að geta byggt upp öflugan klúbb. Þar njótum við góðrar leiðsagnar Sólborgarkvenna. Í því skyni að tileinka okkur Kiwanisstarfið erum við komnar með fullskipaða stjórn og höfum nú þegar skipað í fjórar nefndir. Dyngjukonur tóku þátt í sölu K-lykilsins síðastliðið vor og þrátt fyrir að vera ekki orðinn fullgildur klúbbur átti Dyngja þrjá fulltrúa á umdæmisþinginu á Höfn.

Þetta fyrsta ár okkar hefur verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt að tileinka okkur starfið og kynna innbyrðis, því við komum úr ýmsum áttum. Afar ánægjulegt er hvað okkur hefur á skömmum tíma tekist að mynda þéttan og góðan hóp sem nær vel saman við að byggja upp klúbbinn okkar eins og við viljum hafa hann. Það er mjög spenn-



Dyngja, 8. apríl 2011



Gula þemað



Inntaka nýrra félaga 31. maí

andi og skemmtilegt verkefni að byggja upp nýjan klúbb, móta starfið og gera

klúbbinn okkar að sterkum og öflugum Kiwanisklúbbi. Þrátt fyrir að aðaláherslan þetta árið sé að fræðast og læra höfum við einnig fengið góða fyrirlesara til okkar á almennu fundina og það er mikið hlegið á fundum, við höfum svo sannarlega gaman saman.

Áhugasamar konur eru hvattar til að kynna sér Kiwanis, þennan frábæra félagsskap sem er góður vettvangur til að láta gott af sér leiða, eignast nýja vini og til að efla sig og styrkja. Ég vil benda þeim sem eru á facebook á að skoða síðuna „Konur í Kiwanis“ og einnig er hægt að skoða vefsíðuna www.kiwanis.is

Einnig eru konur velkomnar á fund hjá okkur til að kynna sér það sem við erum að gera, það má hafa samband við undirritaða með að senda póst á netfangið g.johannsdottir@gmail.com

Kæru Kiwanisfélagar ég skora á ykkur að láta konur í kring um ykkur vita að Kiwanis er líka fyrir konur og benda þeim á að kynna sér Kiwanishreyfinguna.

Með jólakveðju

*Guðrún Jóhannsdóttir,
verðandi forseti Dyngju*

Eldborg Hafnarfirði



Almennur Kiwanisfundur

Starfið hjá Eldborg hefur farið vel af stað. Fjölmennt var frá okkur á ágætis umdæmisþingi á Hornafirði. Fórum á fimmtudeginum austur saman í rútu ásamt Sólborgarkonum og nokkrum mökum beggja klúbba. Mikil gleði mikið gaman. Stjórnarskiptafundur var haldinn þ.r.okt með Setbergi og Hraunborgu. Það hefur verið vel mætt á almenna fundi hjá okkur og innra starfið öflugt og skemmtilegt. Við höfum fengið góða ræðumenn á fundina þar sem við bjóðum alltaf uppá mat sem við eldum sjálfir, og afraksturinn af því er settur í sjóð, sem er svo notaður í innra starfið m.a. til að niðurgreiða ýmislegt sem við gerum saman, og hefur það orðið til þess að fleiri sjá sér fært að taka þátt í því sem boðið er upp á. Var sá háttur



Vinna við skilti Eldborgar



Sjávarréttadagurinn

hafður á t.d í ferðina á umdæmisþingið. Það er alltaf ánægjulegt að fá aðra klúbba í heimsókn og fengum við eina slíka í nóvember þegar Setbergsfélagar úr Garðabæ heimsóttu okkur. Framundan er jólafundur þann 2. desember ásamt mökum og er útlit fyrir góða þáttöku. Föstudaginn 16. desember er svo meiningin að bjóða upp á skötu. Það sem er þó mest spennandi um þessar mundir er nýtt fjáröflunarverkefni okkar sem fellst í því að reisa stórt auglýsingaskilti framan við verslunarmiðstöðina Fjörð í Hafnarfirði. Ferli þessa verkefnis hefur tekið langan tíma, og höfum við þurft að yfirstíga marga tálma á leiðinni. En nú eru öll leyfi í höfn, búið að grafa og steypa stöpulinn undir skiltið sem verður um 6 metra hátt þar sem Kiwanismerkið klukka og hitamælir tróna efst og þar fyrir neðan pláss fyrir 10 upplýstar auglýsingar. Það eru félagar í klúbbum sem hafa séð um verklegar framkvæmdir. Þegar fram líða stundir er svo vinna við að selja auglýsingar og er það að sjálfsögðu von okkar að þetta verkefni eigi eftir að skila okkur



Kiwanisskiltið

vel í styrktarsjóð í framtíðinni. Engin lognmolla í Eldborg allt á fullu, og bara gaman að vera saman.

Við óskum Kiwanisfélögum og fjölskyldum þeirra Gleðilegra jóla farsældar og birtu á nýju ári.

Eldborgarfélagar

*Það brakar og brestur hvarvetna í skrokknum
Bólgnar sínar og verkjar þar í
Skakkur og skældur staulast um hús
Þrautir þær lina helst whiskey og djús.
(gott er einnig að hlusta á blús).*

Já það reynir á gamla skrokka sem hafa reynt ýmislegt um áttatíu ára skeið.

Kveðjur
Hermann

Frétt frá Eldey

Eldey afhenti nýlega SKB (Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna) 300.þús.kr. styrk sem var afrakstur af Góðgerðargolfmóti Eldeyjar í sumar. Þetta var í tilefni að tuttugu ára afmæli SKB.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna var stofnað 2. september 1991 af foreldrum barna með krabbamein. Markmiðið með stofnun félagsins var m.a. að styðja við bakið á þeim og aðstandendum þeirra bæði fjárhagslega og félagslega. Til að byrja með hafði félagið ekki mikið bolmagn til framkvæmda en úr réttist með stórrí landssöfnun 1993. Þá var m.a. stofnaður neyðarsjóður sem félagsmenn SKB geta sótt um fjárstyrk úr.

Árlega greinast að meðaltali 10 - 12 börn og unglingar 18 ára og yngri með krabbamein á Íslandi. Ísland er mjög framarlega í lækningum á krabbameini í börnum og njótum við þess að eiga lækna og hjúkrunarfólk sem er í góðum tengslum við samstarfsfólk sitt erlendis og því ávallt mjög upplýst um nýjustu aðferðir.



Það var Bjarni Jónsson formaður styrktarnefndar Eldeyjar sem afhenti Óskari Guðbrandssyni framkvæmdarstjóra SKB styrkinn en ásamt þeim er á myndinni Eypór Einarsson forseti Eldeyjar.

Fréttir frá Emblu Akureyri

Starfsemin Kiwanisklúbbsins Emblu gengur vel enda félagar orðnir 11 og meðalaldurinn fer mjög lækkandi. Einn félagi var tekinn inn í klúbbinn við stjórnarskipti í október. Við stefnum ótrauðar á að fjölga áfram í klúbbnum.

Með yngri konum komum við klúbbnum auðvitað á Facebook og nú hægt að ná sambandi við okkur gengum síðuna enda streyma nú inn kveðjur frá öllum heimshornum. Vonandi verður þetta til þess að við fáum fleiri ungar konur til að kynna sér starfsemina.

Síðastliðið ár var klúbburinn með svæðisstjóra Óðinssvæðis hana Láru Einarsdóttur. Klúbburinn sá meðal annars um sumarhátíð í júní og var mikill undirbúningur fyrir hana. Vel var mætt á þessa hátíð sem haldin var á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit.

Þá tók klúbburinn þátt í sameiginlegu verkefni svæðisins. Keypt var vöktunartæki á barnadeild FSA. Þetta var reyndar tæki númer tvö sem keypt var af svæðinu.

Við fengum féлага úr Kiwanisklúbbnum Kaldbak í heimsókn í nóvember og fengum við Aðalheiði Guðmundsdóttur deildarstjóra barnadeildar FSA til að segja



Fyrstu skreytingarnar.

okkur frá vöktunartækinu og notkun þess.

Nú er komið að aðalfjáröflunarvinnu okkar sem er að útbúa jólakertaskreytingar sem við höfum selt til fyrirtækja. Við höfum selt í kringum 60 skreytingar ár hvert. Félagarnir koma saman eftir vinnu og fram á kvöld og vinna vel saman. Við kaupum okkur mat og gos og borðum saman og er þetta hin besta skemmtun. Daginn eftir eru svo allar skreytingar keyrðar út og vel tekið á móti félögum.

Gleðilegt var að fá tvo nýja klúbba í svæðið með sameiningu Grettissvæðis og Óðinssvæðis og eflir þetta áreiðanlega starfsemina í svæðinu.

Jólafundur verður 6. desember nk. Þá bjóðum við mökum með okkur og höfum

heitt súkkulaði og smákökur. Lesið er jólaguðspjallið og jólasveinninn kemur með pakka handa okkur. Á þennan fund ætlar Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent við Háskólann á Akureyri að koma og fræða okkur um eitthvað henni hugleikið.

Nýja árið byrjar síðan að vanda með okkar rómaða dekurfundu í byrjun janúar. Ýmislegt hefur verið gert á þeim fundum, allt frá því að fá heilara á fund, fara í gufu og nuddpott og við jafnvel fengið karlmannsnuddara til okkur. Ekki er alveg vitað hvað verður í boði í byrjun næsta árs.

Þá á klúbburinn 20 ára afmæli í 25. apríl nk. Við ætlum að gera okkur dagamun af þessu tilefni og hver veit nema við höldum einnig hátíðarfund þegar færri gefst. Munum við tilkynna það nánar síðar.

Við ætlum að kappkosta að hafa það gaman saman í vetur.

Emblufélagar senda öllum kiwanisfélögum og fjölskyldum þeirra óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

Með kveðju,

Júlía forseti og

Torfhildur formaður dagskrárnefndar

Við hjálpum þeim sem eru þurfandi

Styrktarsjóður Kiwanisumdæmisins á Íslands hefur á þessu og síðasta ári styrkt tvö verkefni með félögum okkar í Evrópu.

Haítí:

Eins og komið hefur fram þá lögðum við til 2.000 dollara í verkefni Evrópu á Haítí. Þar er nú verið að undirbúa byggingu á 40 húsum í borginni Jerome.

Búið er að kaupa land undir húsin og verið að klára alla skriffráttu og skipulag á svæðinu. Samtals eru Kiwanismenn í Evrópu búnir að safna um 150 þúsund evrum eða tæpum 25 milljónum til verkefnisins. Til að klára að byggja öll húsin þá vantar um 60 þúsund evrur til viðbótar svo hægt sé að klára verkefnið. Í Belgíu hafa þrjú klúbbar lagt fram fé til að byggja 3 hús og vonast er til að fleiri klúbbar geri það sama. Það hlýtur að vera spurning hvort við hér á landi getum gert betur og til dæmis lagt fram fé sem nægði til að byggja eitt hús, auk þessa fjármagns sem við lögum til í upphafi.

Við munum kynna þetta verkefni betur þegar það fer á stað og hægt verður að sýna myndir og teikningar af húsunum.

Japan:

Styrktarsjóðurinn sendi í vor 1.000 dollara vegna verkefnis Evrópu í kjölfar jarðskjálftanna í Japan. Nú hafa safnast um 6.2 milljónir í þennan sjóð og búið er að ákveða hvernig þeim fjármunum verður varið.

Í samstarfið við Kiwanisklúbbinn í borginni Sensai þá verður fjölskyldum sem tekið hafa að sér munaðarlaus börn hjálpað til að fæða og klæða þau börn. Börnin komu oftar en ekki aðeins í þeim fötum sem þau höfðu utan á sér og engu öðru. Það er því átak fyrir fjölskyldur að taka þau að sér og með þessum styrk er verið að aðstoða þessar fjölskyldur, en eins og komið hefur fram í fréttum þá varð mikill fjöldi barna munaðarlaus í kjölfar hamfaranna fyrir á þessu ári.

Björn Ágúst Sigurjónsson



STYRKARSJÓÐUR

Kiwanishreyfingarinnar Ísland - Færeyjar



Munið gull og silfur stjörnurnar og styrktarsjóðsmerkin

Ávallt úrval af Kiwanisvörum til á lagernum
Hafið samband!



Sigurður / Sveinn
Sími 5883244 • Fax 5883246
isspor@mi.is

Ferð á heimsþing Kiwanis í Genf

6.-19. júlí 2011

Ferðahópurinn mætti í Leifsstöð fljótlega upp úr hádegi **miðvikudaginn 6. júlí**, samtals 24 þar af 10 Kiwanisfélagar víðsvegar af landinu. Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri og hans kona Konný Hjaltadóttir bættust í hópinn í Genf að loknu heimsþingi.

Farið var í loftið á tilsettum tíma kl. 17.00 með flugvél Icelandair. Eftir tæplega fjögura tíma flug lentum við í Mílanó á Ítalíu. Þar beið okkar 50 manna rúta frá Tékklandi sem var svo okkar fararskjóti út ferðina. Var haldið rakleiðis á næturstað á Hótel Windsor í Mílanó. Vorum við komin þar klukkan langt gengin í eitt að staðartíma.

Næsta morgun **fimmtudaginn 7. júlí** var haldið rakleiðis í átt til Genf á heimsþingið sem hófst reyndar daginn áður með móttöku þingfulltrúa og fræðslu fyrir stjórnendur klúbba. Eftir hnökralausa ferð m.a. gegnum tæplega 12 km löng Mont Blanc jarðgöngin, en þau stytta leiðina milli Mílanó og Frakklands um 100 km vorum við komin á áfangastað kl. 14.30. Áfangastaðurinn var Hótel Campanille í bænum Annemasse í Frakklandi rétt við landamærin að Sviss. Eftir að hafa losað okkur við töskurnar og konurnar fórum við Kiwanisfélagar rakkleitt til þingstaðar í Genf. Þangað er um 20 mín akstur. Þegar þangað var komið var þingsetningu að ljúka svo við gerðum ekki annað en að skrá okkur inn á þingið, fá þinggögn og líta í kringum okkur á þingstaðnum. Þingið var haldið í einni af stærstu ráðstefnu og sýningahöll Evrópu - *Palexpo* - sem er í næsta nágrenni við flugvöllinn í *Genf*.



Föstudagsmorguninn fórum við Kiwanisfélagar á þingið en konurnar og Ólafur Sigmundsson fóru til Genfar í miðborgina undir leiðsögn Evu Maríu Hilmarsdóttir fararstjóra. Skoðuðu þau miðborgina og fóru í siglingu um Genfarvatn sem er eitt af stærri vötnum vestur Evrópu.

Eins og gefur að skilja er heimsþing fjölmenn samkoma samtaka sem hafa á að skipa 300 þúsund félögum en 600 þúsund ef allir sem tengjast Kiwanis eru taldir með. Sagt er að Kiwanisklúbbar í heiminum séu 8600 talsins. Hver klúbbur á rétt á tveimur fulltrúm þannig að liðlega 17 þúsund manns hafa



átt rétt á þingsetu. Ég veit ekki hvað margir sóttu þingið, gæti trúað að þeir hafi verið á annað þúsund.

Þingstaðurinn er stór bygging enda voru haldnir fundir og fræðslur í sjö söllum samtímis. Það var því af nógu að taka í sambandi við fræðslu. Má þar nefna: "*Hvernig verð ég að liði við Eliminate verkefnið*" sem er nýtt samstarfsverkefni UNICEF og KIWANIS til að útrýma stífkrampa í ungabörnum í heiminum. - *Konur 'Kiwanis. - Hvernig kynni ég klúbbinn minn. - Heimasíður klúbba. - Fræðsla fyrir verðandi leiðtoga Kiwanis. - Hvernig geri ég Kiwanisfundina markvissari. - Fræðsla um notkun Facebook og Twitter í þágu klúbbanna, o.s.frv.*

Þarna var líka verslun með vörur merktar Kiwanis s.s. fatnað, glös og könnur, töskur og minjagripir svo eitthvað sé nefnt. Þá var þarna kaffitería þar sem hægt var að kaupa heitar máltíðir og einnig kaffibar þar sem á boðstólnum voru léttar veitingar. Eftir hádegi var svo fundur í aðalfundarsalnum þar sem fluttar voru ársskýrslur aðalstjórnar og aðal stofnana KI. Þá voru einnig kosið til aðalstjórnar KI. Andrés okkar Hjaltason var þar í framboði en náði því miður ekki kosningu.

Þegar þingfundi lauk seinnipart dags beið okkar rútan og var haldið í miðborgina og konurnar og Óli sótt. Urðu að vonum fagnaðarfundir. Við karlarnir kannski mest fegnir því hvað Evu hafði tekist að halda konunum frá búðunum!

Á **laugardagsmorguninn** var lagt snemma af stað frá hótelinu, ekki á þingið heldur í vínsmökkun. Í þessum hluta Sviss er mikil vínræktun. Heimsóttum við vínbónda sem er ekki með mikinn rekstur en lífrænan. Notar s.s. engin lyf eða eiturefni við ræktunina.

Var staldrað hjá honum í um tvo tíma og smakkaðar ca. tíu tegundir rauð- og hvítvína. Fóru sumir klyfjaðir af víni frá honum. Var það kátur og hress hópur sem hélt síðan á þingstað til að vera við þingslit. Þingslitin hófust kl. 14.00 með ræðu heimsforsetans Sylvester Neals. Síðan voru veittar ýmsar viðurkenningar, kunngerð úrslit kosninga dagsins áður og verðandi heimsforseti Kiwanis Alan Penn kynntur og hans fjölskylda. Aðal ræðumaður dagsins var leikkonan Jamie Lee Curtis.

Þó þingið væri haldið í Evrópu var yfirbragðið þýska amerískt. Ég hugsa að þeir sem prédika jakkaföt og bindi á Kiwanis-

fundum hefðu fengið áfall hefðu þeir séð klæðaburðinn á sum-
um eða kannski flestum þingfulltrúa. Þó held ég að evrópufull-
trúarnir hafi skorið sig úr með snyrtilegri klæðaburði.

Að sjálfsgöðu er mikill viðburður að mæta á svona stóra
samkomu þó svo ekki væri hægt að tileinka sér nema brot af



því sem var í boði. Tvímælalaust eykst Kiwanisandinn á sam-
komu sem þessari.

Á **sunnudagsmorguninn 10. júlí** var haldið frá hótelinu
í Frakklandi um kl. hálf ellefu áleiðis til *Interlaken* í Sviss.
Interlaken er bær á eidi milli tveggja vatna *Brien* og *Thun* með
rúmlega 5300 íbúa. Áin Aare rennur á milli vatnanna í gegnum
bæinn, einkennilega blá á litinn. Vorum við komin á hótelið -
Hotel Oberland - um kl. 14. Rigning var alla leiðina, en þegar við
vorum nýkominn á hótelið gerði feikna skúr og haglé. Upp úr
því gerði sól og hlýtt eins hafði verið undanfarna daga. Skoð-
uðu ferðafélagarnir bæinn og fengu sér að borða, enda úrval
veitingastaða mikið.

Mánudagsmorguninn rann upp bjartur og fagur. Kl. 10 var
haldið til bæjar sem heitir *Grindelwald* inn á milli hárra fjalla í
um 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Átti að skoða þröngt árgljúfur
svo þröngt að hægt væri að teygja sig á milli veggja. *Gletsch-
erschluts* = jökulgljúfur er það kallað í ferðalýsingunni. Rútan
mátti ekki fara lengra en að járnbrautarstöðinni, var því gengið
þaðan í liðlega hálf tíma eftir skiltum sem vísuðu á *Gletschers-
chluts*. Þegar komið var að veitingastað við gljúfurmunnan kom
í ljós að þetta var ekki hið þrönga gljúfur sem ætlunin var
að skoða, heldur annað nokkuð mikið víðara. Var látið gott
heita og farið inn í gljúfrið eftir stíg sem hangir utan í gljúfur-
veggnum eða hogginn í hann. Hrikalegt gljúfur og beljandi
fljót. Eftir um klukkutíma göngu fram og til baka, hvíld og
afslöppun á veitingastaðnum var tekinn strætisvagn til baka
til *Grindelwald*. Skoðuðum okkur um í bænum sem er mikill
ferðamannabær með tæplega 4000 íbúa, Bæinn heimsækir
skíðafólk á veturna en göngufólk og aðrir ferðamenn á sumrin.
Vorur komin heim á hótelið um kl. 17. Gafst því tækifæri til
að skoða *Interlaken* betur.

Þriðjudaginn 12. júlí var á dagskránni að fara á Jomfrúna
sem er í 3454 m hæð í Svissnesku Ölpunum. En fyrst var
farið inn fyrir þorpið *Lauterbrunnen* inn í þröngan dal, girtan
nokkur hundruð metra háum, nærri lóðréttum fjallshlíðum.
Erindið að skoða fossa sem falla niður í dalinn inni í fjallinu.
Trummelbachfalle heita þessir fossar. Byrjað var á því að fara

með lyftu 100 m upp inni í fjallinu. Þá er komið inn í göng eða
sprungu í berginu þar sem taka við tröppur og pallar utan í
bergveggnum upp um 200 m til viðbótar. Er hægt að ganga upp
með með beljandi vatnsflaumnum sem sturtast niður í fossnum
eða strengjum 20.000 lítrar á sekúndu. Fossarnir 7 sem eru inn
í fjallinu eru upplýstir með ljóskösturum. Þegar farið er niður
er farið til hliðar við lyftuna. Þar opnast sprungan og eru þar 3
fossar til viðbótar. Er þetta mikið sjónarspil samfara miklum
hávaða.

Að þessari skoðun lokinni var farið til baka á járnbrautar-
stöðina í *Lauterbrunnen*, en þar skildi taka lest upp á Jómfrúna.
Lestin er frábrugðin venjulegum lestum að því leiti að hún er
drifin áfram með tannhjólum svo hún geti farið upp og niður
brattar brekkur. Farið var með viðkomu í þorpinu *Wengen* sem
er á sillu í fjallinu í 1274 m hæð. Þangað er enginn bílvegur,
því lítið um bíla á götunum. Eftir tæplega klukkutíma ferð um
grasigrónar hlíðar með kýr á beit var komið til brautarstöðvar
sem heitir *Kleine Scheidegg* í um 2060 m hæð. Þar þurftum við
að skifta um lest. Til hægri þegar komið er á brautarstöðina
frá *Wengen* gnæfa tignarlegir fjallstindar, krýndir snjóhettum,
Eiger, *Mönch* og *Jungfrau*. Skriðjökklar koma niður fjallaskörðin.
Á veturna er *Kleine Scheidegg* miðja þriggja skíðasvæða sem
liggja þaðan í allar áttir.

Eftir nokkra bið kemur lestin og er búið að ætla okkur fremsta
vagninn. Lestin silast upp brekkuna í átt að fjöllumum hrikalegu.
Á hægri hönd sér niður í dalinn í átt að *Lauterbrunnen*. Eftir
skamma stund er komið að lítilli lestarstöð *Eigergletscher*. Eftir
stutt stopp er silast áfram, en eftir stutta stund fer lestin inn í
fjallið og brattinn eykst, verður allt að 25%. Göngin sem eru 9,3
km að lengd ná upp í skarðið á milli fjallatindanna *Mönch* og
Jungfrau liggja inni í fjöllumum sem bera tindana *Eiger* og *Mönch*.
Gröftur á göngunum hófst árið 1896 og tók 16 ár. Þau voru vígð
1. ágúst 1912, verða því 100 ára næsta sumar. Löngu áður eða
upp úr aldamótunum 17-1800 voru auðmenn og verkfræðingar í
Sviss farnir að hugleiða hvernig væri hægt að komast þarna upp
með einhverjum vélrænum hætti eftir að *Jungfrau* tindurinn var
fyrst klifinn 1811. Það var svo 1893 sem athafnamaður að nafni
Adolf Guyer-Zeller fékk þessa djörfu hugmynd að grafa göng inni
í fjallinu. Meira að segja í dag myndi þetta þykja djörf hugmynd
hvað þá fyrir rúmlega 100 árum þegar allt varð nánast að vinnast
með handafli. Tókst honum að sannfæra stjórnvöld í Sviss um að
þetta væri arðvænleg framkvæmd og lagði einnig til fjármagn úr
eigin vasa. Hann reyndist sannspár því rekstur gangnanna hefur
skilað hagnaði frá fyrsta degi öll þessi hundruð ár að einu undan-
skildu. Hvað um það, við silumst upp brattann þar til við stopp-
um stutta stund á útsýnisstað inni í nánast þverhniptu fjallinu
í 2865 m hæð sem kallaður er *Eigerwand*. Þar höfum við útsýni
niður til *Grindelwald* og *Kleine Scheidegg*. Enn er lagt á brattann
þar til við komum á annan útsýnisstað *Eismeer* í 3160 m hæð. Þá
höfðum við tekið nánast U beygju inni í fjallinu án þess að verða
þess vör. Hérna höfum við útsýni niður skriðjökulinn *Fieschergg-
letscher*, í móðunni glittir í vatnið *Thun* og *Interlaken* þar sem
hótelið okker er. Enn er haldið upp en brattinn hefur minnkað.
Eftir 3,6 km erum við komin á leiðarenda, brautarstöðina á *Jong-
frau* joch í 3454 m hæð. Hæsta járnbrautarstöð í Evrópu, á góðum
degi er sagt að 20.000 manns fari hér um.

Þegar við stígum út úr lestinni leynir þunna loftið sér ekki,
því betra að flýta sér hægt. Við byrjuðum á því að taka lyftu upp
um tvær hæðir. Síðan tók við gangur upp sem nam einni hæð



í viðbót a.m.k. út á snæviþakinn útsýnisstað með stórfenglegt útsýni til allra átta. Staldráð þar við dágóða stund, notið útsýnisins og teknar myndir þó hann væri nokkuð svalur, hitastigið nálægt frostmarki í þessari hæð. Á svæði þessu undir jökulnum er sagt að séu vatnaskil. Það vatn sem rennur í átt að Grindelwald rennur alla leið til Norðursjávarins. Það vatn sem kemur úr jökulnum og rennur til suður, rennur í Miðjarðarhafið.

Á leiðinni niður af útsýnispallinum var komið við þar sem kallað er *Ice palace*. Íshöll þessi sem var fyrst grafinn inn í jökulinn 1934 hefur að geyma ýmis listaverk sem eru einnig úr ís. Vegna hreyfingar jökulsins þarf hún stöðugt viðhald og er að sögn endurnýjuð árlega. Eftir hringferð um íshöllina tvístraðist hópurinn, sumir fengu sér að borða í einhverjum af a.m.k þrem veitingastöðum þarna uppi sem eru með útsýni niður skriðjökulinn *Aletsch (aletschgletscher)*, en hann er lengsti skriðjökull Alpanna, 23 km. Þarna er að sjálfsögðu einnig verslun með minjagripi. Aðrir tóku sér göngu eftir nokkuð löngum gangi þar sem þunna loftið sagði aftur til sín, að lyftu sem flutti okkur um 100 m, upp í 3571 m hæð á fjallstind þar sem er veðurathugunar og vísindastöðin *Sphinx*. Þarna uppi er góður útsýnispallur og útsýnið stórfenglegt. Eftir þriggja tíma dvöl á *Jongfraudoch* var haldið niður með síðustu lest kl. 17.40 því eins gott að missa ekki af lestinni. Ferðin niður til Kleine Scheidegg tók tæpan hálf tíma. Vorum komin á hótelið um kl. 19.30 eftir góðan og eftirminnilegan dag.

Kominn **miðvikudagur** og tími til að yfirgefa Interlaken þó vel hafi verið hægt að hugsa sér að vera nokkra daga í viðbót því nóg var eftir að skoða. Lagt af stað kl. 10 og stefnt til *Chamonix* við rætur *Mont Blanc* í Frakklandi með viðkomu í Bern höfuðborg Sviss eftir klukkutíma akstur. Ekki var um skipulagða skoðunarferð að ræða en allir gengu í miðborgina yfir brú á ánni *Aare* þeirri sömu og rann gegnum Interlaken. Miðborgin var sett á heimsmínjaskrá UNESCO 1983 sökum þess að hún hefur haldið upp upprunalegu formi sínu. Gaman að ganga um götur miðborgarinnar með sínar gömlu byggingar, líta í búðir og fá sér hressingu. Fór reyndar að rigna hressilega í lokin, var þá betra að hafa tekið með sér regnhlífina. Þeir sem ekki voru svo forsjálar blotnuðu vel. Eftir hálfis annars tíma stopp var haldið rakleitt til *Chamonix*. Þangað var komið kl. 15.30 á Hótel Merkúr rétt við miðbæinn. Enn rigndi mikið. Fóru því flestir í mat á hótelinu um kvöldið. Kokkurinn fékk misjafna dóma fyrir matinn því “vel dönn” vildi vera hrátt o.s.frv. Eftir matinn hafði stytt upp og fóru þá flestir í bæinn að skoða sig um. Var margt manna á götum bæjarins enda þjóðhátíðardagur Frakka daginn eftir. Virðast Frakkar byrja að halda upp á daginn kvöldið áður. Var því mikið

um dýrðir í bænum m.a. góð flugeldasýning um kl. ellefu.

Chamonix sem er í 1030 m hæð er mikill ferðamannabær. Þar búa tæplega 10.000 manns en fjöldi ferðamanna er sagður 5 milljónir árlega. Aðallega skíðafólk á veturna, göngufólk og fjallaklifrara á sumrin. Í þessum bæ voru fyrstu vetrarolympíuleikarnir haldnir árið 1924.

Fimmtudagurinn 14. júlí þjóðhátíðardagur Frakka rann upp ekki bjartur en besta veður. Ætlunin var að fara með kláfi upp í hliðar *Mont Blanc* strax um morguninn. En skýjað var niður í miðjar hliðar svo því var frestað fram yfir hádegi. Þá hafði glaðnað til og farið að glitta í tinda *Mont Blanc*. Var því steðjað að kláfnum fylktu liði. Þegar Eva María ætlaði að kaupa miðana fyrir hópinn var henni tjáð að það væri farið að þyngra aftur uppi, því tvísýmt um skyggni. Var *Mont Blanc*ferð frestað til morguns. Fóru þá flestir í miðbæinn að skoða búðir og umhverfið það sem eftir var dagsins í sól og blíðu.

Föstudagur. Farið í bítið til kláfsins, þó skýjabakki lægi á fjallsbrúninni, með von um að þokunni færi að létta, sem kom á daginn. Þegar kláfurinn kom upp fyrir brúnina var heiður



himinn. Kláfurinn fer upp á stað sem heitir *Plan de l'Aiguille* í 2317 m hæð. Héðan liggja gönguleiður m.a. niður í *Chamonix*. Til að halda áfram upp á tindinn *Aiguille du Midi* í 3842 m hæð þurftum að skipta um kláf.

Nafn tindsins sem þýðir „hádegisnálin“ er tilkomið vegna þess að sólin er beint yfir tindinum þegar horft er á hann á hádegi frá bænum *Chamonix*. Ferð seinni kláfsins sem tekur a.m.k. 70 manns er dágóðan hluta leiðarinnar lóðrétt upp með hamraberginu. Er sagt að það sé heimsmet í lóðréttu klifri kláfs. Var ekki laust við að færi um suma. Þegar á tindinn er komið blasir við stórfenglegt útsýni í allar áttir af mörgum útsýnispöllum. *Chamonix* nánast undir fótum okkar. *Mont Blanc* tindurinn gnæfir í suðri tæplega 1000 m ofar. Frá *Aiguille du Midi* tindinum liggja margar gönguleiðir m.a. á *Mont Blanc*. Mátti í sjónauka sjá nokkra hópa fjallgöngumanna á leið á tindinn. Tjaldbúðir þeirra voru á snjóbreiðu um 200 fyrir neðan útsýnispallana. Aðrir hópar sáust á öðrum leiðum um Alpna. Þarna uppi eru að sjálfsögðu veitinga og minjagripasölur.

Þá er hægt að fara með litlum kláfum sem taka einungis fjóra farþega lárétta 5 km leið meðfram *Mont Blanc* á tind sem heitir *Helbronner*. Er sá tindur á landamærum Frakklands og Ítalíu. Það voru ekki allir sem fóru þessa leið, sneru við, fóru aftur niður í bæ með kláfunum og náðu því að komast aftur í

morgunmat á hótelinu. Þeir sem fóru með kláfunum til *Helbronner* urðu ekki fyrir vonbrigðum, útsýnið var stórkostlegt. Þar mátti m.a. sjá gönguhópa á ferð á jöklinum *Glacier Geant*, lengsta skriðjöklum Frakklands og fjallaklifrara í lóðréttum bergveggjum. Á tindinum *Helbronner* gekk maður yfir hvíta línu á útsýnispallinum, var þá kominn yfir landamærin til Ítalíu. Þar var hægt að kaupa sér hressingu og minjagripi að sjálfsgöðu.

Nú var ekki til setunnar boðið því ferð til borgarinnar *Annecy* var fyrir dyrum. Ferðin til baka til *Aiguille du Midi* tók 30 mín og 20 mín niður af fjallinu.

Við vorum kominn niður á hótél kl. 11, rútan mætt og því rétt tími til að skipta um skó. Var síðan ekið rakleitt til *Annecy*. *Annecy* er gamall bær sem byrjaði að byggjast snemma á tólftu öld beggja megin árinna *Thiou* við ósa hennar að *Annecy* vatni. Stór hluti hennar brann á fyrri hluta fimmtándu aldar en var byggður upp aftur. Eru húsín í gamla bænum sennilega mörg frá þeim tíma. Fundist hafa minjar við vatnið sem benda til þess að þarna á þessu svæði hafi hafi verið búseta 3100 árum fyrir Krist.

Ber mikið á kastala miklum *Château* sem gnæfir yfir bæinn.



Var hann byggður um aldamótin 13-1400. Annar kastali *Palais de l'Isle* sem er í miðri ánni var byggður á tólftu öld. Kallaður *gamla fangelsið* því hann var lengst af fangelsi. Sumum fannst hann minna á fangelsið á Skólavörðustígnum. Báðir þessir kastalar eu núna söfn. Einnig eru í bænum tvær gamlar kirkjur. Það var því af nógu að taka til að skoða. Einnig var hægt að fara í siglingu um vatnið sem sumir notfærðu sér.

Var hópnum gefið sjálfsveld í hvað fólk vildi gera þessa fjóra tíma sem átti að dvelja í bænum. Flestir byrjuðu á því að fá sér eitthvað í svanginn sem var reyndar hægara sagt en gert því allar götur meðfram ánni voru stappaðar af fólki og veitingastaðir þétt setnir. Þó mátti heita að veitingastaður væri í hverju húsi beggja megin ár. Heim til Chamonix var haldið kl. 17.00 eftir góðan og eftirminnilegan dag.

Laugardagurinn 16. júlí. Þá var komið að því að yfirgefa Alpna og halda í áttina heim með viðkomu í París. Var lagt af stað kl. 9 því löng rútuferð var fyrir höndum, liðlega 600 km. Tók ferðin allan daginn eða níu og hálfan tíma með matarhléum og smávegis umferðartöfum. Komum á Hóél Mercury/Terminus sem er við hliðina á járnbrautarstöðinni *Care du Nord* um kl. 18.30 í þéttari rigningu. Var því lítið annað gert um kvöldið en að taka upp úr töskunum og fá sér í svanginn. Margir orðnir nokkuð lúnir eftir langa ferð.

Kl. 10 á **sunnudagsmorguninn** fór allur hópurinn í göngu undir leiðsögn Evu Maríu til nærliggjandi neðanjarðar lestarstöðvar. Nú skildi okkur kennt að ferðast með neðanjarðarlest "Metro" sem er nausynlegt að kunna til að geta farið á ódýran og tiltölulega þægilegan máta um París. Mjög einfalt eins og annað sem maður kann. Ferðinni var heitið að skoða *SacrZ Coeur* kirkjuna á *Montmartre* hæðinni í 18. hverfi. Er hún á hæsta stað Parísar og ber hæst bygginga í borginni fyrir utan *Eiffelturninn*. Á kirkjutröppunum er því gott útsýni yfir borgina. Kirkjan sem var byggð á árunum 1875 til 1914 er glæsilegt mannvirki utan sem innan. Sumir segja að hún sé fallegasta kirkja heims. Mannfjöldinn við kirkjuna segir sína sögu um frægð hennar. Sumir fóru inn í kirkjuna þó þar væri verið að syngja kaþólska messu. Sagt er að kirkjuklukkan sé sú stærsta í Frakklandi. Kirkjan skemmdist nokkuð í síðari heimstyrjöldinni en var fljótlega lagfærð.

Meðan á dvölinni við kirkjuna stóð gerði góða skúr og hvessti nokkuð. Var nú gengið aftur til Metróstöðvar og lestin tekin niður til árinna *Signu*. Nú skildi farið um borð í bát, sigla um ána í klukkutíma og snæða hádegisverð. Var vel tekið á móti okkur, vel veitt í vini og mat, einnig leikið fyrir okkur á harmoniku og sungið.

Þegar við höfðum fast land undir fótum aftur var skundað upp með *Signu* (eða niður) í átt að *Eiffelturninum* því nú skildi farið upp í hann. Þegar tilkom var orðið of hvasst til þess. Var því slegið á frest til morguns. Tvístraðist þá hópurinn, sumir fóru heim á hótél með Metrónum aðrir í göngu um borgina, litu á söfn, veitingastaði eða búðir, enda af nógu að taka.

Mánudagurinn 18. júlí var runninn upp. Mætt niður í anddyri hótelsins til fundar við fararstjórana. Til stóð að fara í *Eiffelturninn*, en enn var of hvasst til þess. Tvístraðist því hópurinn aftur, sumir fóru í skoðunarferð með tveggjahæða útsýnisstrætó um París, aðrir fóru aftur á *Montmartre* hæðina að ganga um þröngar götur listamannahverfisins og feta í fótspor frægra listamanna eins og *Van Gogh* og *Picasso*. Koma á listatorgið sem þar málara og teiknara sitja við iðju sína og selja sín list. Aðrir freistuðu þess að komast á *Louvre* safnið að sjá *Monu L'su*. Eins og áður sagði er úr nógu að velja í París og á há ferðamannatímanum eins og núna er hægara sagt en gert að komast inn í merkustu staðina eins og *Louvre* og *Pompidou* söfnin eða *Notre Dame* dómkirkjuna nema standa í margra tuga ef ekki hundruð metra löngum biðröðum. En nóg er af kaffihúsunum og hinni rómuðu kaffihúsastemmingu á bökkum *Signu*.

Þá er heimfarardagurinn runninn upp, þriðjudagurinn 19. júlí. Þeir allra hörðustu fóru á fætur fyrir allar aldir til að komast í *Eiffelturninn* þó rigndi töluvert. Rútan var mætt og lagt af stað frá hótelinu kl. 11 til *Charles de Gaulle* flugvallar. Vorum komin tímanlega á flugvöllinn, en honum verður ekki hrósað fyrir úrval veitingastaða og verslana. Var því lítið við að vera þar til við fórum í loftið kl. 14.30 á tilsettum tíma. Lentum á Keflavíkurflugvelli kl. 16. Var notalegt að anda að sér hreinu íslensku lofti eftir stórborgarloftið í París.

Var nú komið að kveðjustund, faðmast og kysst og þakkað fyrir samveruna í 13 daga. Diðrik, Böddi og Eva María eiga þakkar skildar fyrir vel skipulagða ferð og skemmtilega eins og allar þær Kiwanisferðir hafa verið sem undirritaður hefur farið í.

Sigurður Skarphéðinsson
Kiwanisklúbbum Mosfelli

Ferðasaga frá sumrinu

Eins og fram hefur komið hér á síðunni fór góður hópur Kiwanis félaga og maka í Óðinssvæði til Færeyja í júní.

Færeyjaferð Kiwanis fólks af Norðausturlandi

Það var mjög ánægður hópur Kiwanisfélaga og maka sem kom heim til Húsavíkur 7. júní eftir vel heppnaða vikuferð til Færeyja. Allt gekk mjög vel, veðrið gott, miðað við árstíma og reynslu hér um slóðir undanfarið, og ferðafélagarnir kynntust góðu fólki í Færeyjum og skemmtu sér vel.

Hugmyndin kviknaði hjá félögum í Kiwanisklúbbnum Skjálfaanda fyrir um tveimur árum og fljótlega var farið að kanna áhuga og tímasetningar. Ferða- og útvistarnefnd klúbbsins var falið að halda utan um verkefnið. Ákveðið var að kanna áhuga annarra Kiwanisfélaga á svæðinu, og raunar á landinu. Tímasetningin var m.a. tilkomin vegna afmælisárs tveggja Kiwanisklúbba í Færeyjum. Ferðin var síðan undirbúin og skipulögð í samstarfi við Fjallasýn Rúnars Óskarssonar.

Undanfarið hefur talsverður tími farið í undirbúning ferðarinnar. Þegar hugmyndin var kynnt fyrst kom fram mikill áhugi en síðan fækkaði í hópnum og það voru 55 sem staðfestu þátttöku í ferðinni. Frá klúbbunum Grími í Grímsey, Emblu og Kaldbak á Akureyri, Skjálfaanda á Húsavík, Herðubreið í Mývatnssveit og Öskju á Vopnafirði. Allt klúbbbar í svokölluðu Óðinssvæði en Kiwanis umdæminu Ísland Færeyjar er skipt niður í nokkur svæði.

Greina mátti eftirvæntingu og tilhlökkun í hverju andliti þegar rútan frá Fjallasýn mætti við Kiwanishúsið á Húsavík um hádegisbil 1. júní. Það voru 17 Skjálfandafélagar og makar sem heilsuðu Friðgeir bílstjóra og flýttu sér að koma töskum fyrir í farangursrými. Og af stað á tilsettum tíma – að sjálfsgöðu.

Fyrsti áfanginn var til Mývatnssveitar. Önnur rúta var send til Akureyrar til að ná í félaga okkar frá Akureyri og Grímsey. Við Jarðböðin var síðan sameinað í bíl og Finnur félagi í Herðubreið bættist í hópinn.

Glatt var á hjalla á leiðinni austur til Egilsstaða en þar komu Vopnafirðingar í bílinn. Þegar komið var til Seyðisfjarðar fór Benedikt fararstjóri beint í að ganga frá pappírsmálunum þ.e.a.s nálgast aðgangskort og slíkt. Allt gekk þetta fljótt og vel og ekkert að vanbúnaði fyrir hópinn að fara um borð í ferjuna og koma sér vel fyrir. Fáir farþegar og farartæki áttu bókað á leiðinni út.

Brottför var kl 20:00 um kvöldið en fljótlega eftir að við vorum komin um borð var farið í að kanna það sem í boði er. Einhverjar sögusagnir eru á kreiki um að nokkrir úr hópnum hafi matast mjög vel því eitthvað var á reiki hve stórir matarskammtarnir voru og því pantað ríflega – til öryggis. Allir því vel mettir og í góðum ferðahug.

Það var gaman að sigla út Seyðisfjörðinn en þó frekar vetrarlegur um að lístast. Ekkert markvert gerðist á siglingunni til Færeyja en þangað var komið um þriðju daginn eftir. Þegar fólk og farkostur voru komin frá borði var haldið beint á Hotel Føroyar í Tórshavn, þar sem hópurinn dvaldi næstu fjórar nætur. Sameiginlegur kvöldverður var á hótelinu en að öðru leyti var síðari hluti þessa dags óskipulagður. Hér gildi þó eins og alla ferðina að fólk var að



spjalla og kynna sér aðstæður, skoða sig um og kynnast menningu staðarins.

Þó var skroppið á rútnunni í verslunarleiðangur í bæinn en gatnakerfið er kannski ekki alveg hannað fyrir stór farartæki. Né heldur bílastæði. En fararstjórinn okkar leysti umferðarstjórn með ágætum og allt gekk því vel – að lokum.

Á föstudeginum 3. júní var haldið í skoðunarferð með leiðsögn en þessa daga skiptust þeir bræður, Jónas og Anton Sigmarssynir á að segja okkur frá Færeyjum og lífi og starfi íbúanna. Farið var um Eysturoy og til Klaksvík á Norðoyggjar. Veðrið var einna síst þennan daginn en við létum það ekki á okkur fá og það var meiri háttar gaman og fróðlegt að fara um, sjá svæðið og heimsækja valda staði. Við borðuðum hádegismat í Gjógv og kíktum m.a. á hafnaraðstöðuna sem er einkar athyglisverð.

Við vorum svo heppin að hitta á einskonar menningarviku í Færeyjum og þegar við komum til baka úr skoðunarferðinni var kíkt í bæinn og fylgst með því sem fram fór. Mikil og fjölbreytt dagskrá.

Að morgni laugardagsins var sólin farin að skína og áætlanin var að skoða sig um í Tórshavn og fræðast og upplifa menningu heimafólks. Af einhverjum ástæðum skipti hópurinn liði. Konurnar stefndu á miðbæinn til að rannsaka það sem verslanir hafa upp á að bjóða, meðan karlarnir fylktu liði að skoða hafnarsvæðið,





nýbyggingar (ásamt gömlum húsum) og verslanir og þjónustufyrirtæki sem tengjast sjó eða byggingaiðnaði. Þetta hlýtur nú að hafa verið til að ná að kynnast sem flestu! Reyndar gekk áætlun dagsins ekki alveg eftir því verslunarleiðangurinn varð styttri en ráðgert var.

En nú var ekkert að vanbúnaði að undirbúa sig fyrir afmælisveislu Kiwanisklúbbanna Tórshavn og Rósan sem haldin var um kvöldið. Heimafólk hafði lagt mikla vinnu í að undirbúa þessa skemmtun og fljótlega eftir hádegið var búið að draga fána að hún við nýja Kiwanishúsið þeirra í Þórshöfn. Rúmlega 100 Kiwanisfélagar ásamt mökum mættu í veisluna sem hófst kl 18:00. Fyrst var móttaka á efri hæð hússins þar sem kveðjur og stuttar ræður voru fluttar, m.a. Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri. Finnur Baldursson afhenti klúbbunum gjafir frá Óðinssvæðinu.

Því næst var haldið á neðri hæðina þar sem sest var að dýrindis 3ja rétta kvöldverði þar sem kaldur þorskur var í forrétt, síðan lambakjöt og loks ávaxtaskál. Mikið var sungið meðan á borðhaldinu stóð og einstaka kvaddi sér hljóðs. Og tíminn að sjálf-sögðu einnig notaður til að spjalla – einstakt tækifæri til að nota íslensku og færeysku í bland. Þegar allir voru mettir, af frábærum mat og stuttum ræðum, var stiginn dans fram eftir nóttu við undirleik hljómsveitar. Byrjað var á Færeyskum þjóðdans en síðan var breytt um takt.

Það hýrnaði yfir okkur þegar hlé var gert á dansinum klukkan 2 um nóttina og boðið upp á góða súpu! Góð leið til að viðhalda orkunni og dansa síðan og syngja fram undir morgun. Það voru glaðir og kátir, en kannski eilítið sárfættir, gestir sem héldu heim eftir mjög vel heppnaða samkomu.

Sunnudagsmorguninn var tekinn rólega en lagt var af stað um hádegið í síðari skoðunarferðina sem skipulögð var. Nú var stefnt á Vágur og staðir eins og Sandavágur, Miðvágur og Gásadalur m.a.



heimsóttir. Jarðgangnagerð nútímans gerir fólki mögulegt að heimsækja staði eins og Gásadal í stuttri dagsferð og þetta á auðvitað við um Færeyjar í heild. Mjög áhugavert. Við komum m.a. í þorpið Bøur en það var eins og að koma 150 ár aftur í tímann.

Með okkur í ferðinni var heiðursmaðurinn Bjarni Magnússon úr Grímsey. Á leið okkar spurði hann hvort rútan gæti stoppað að eins á tilteknum stað, hann langaði að stökkva út og hitta snöggvast fólk sem hann þekkir. Sjómenn sem voru við fiskveiðar við Grímsey. En þetta varð meira en stutt stopp því öllum hópnum var síðan boðið í hús þar sem biðu þjóðlegar veitingar eins og hver og einn hafði áhuga og lyst á. Mjög ánægjulegt og gott tækifæri að kynnast menningu og gestrisni Færeyinga frá fyrstu hendi.

Mánudagurinn rann upp og nú var því miður komið að heimferð. Þetta voru búnir að vera frábærir dagar. Hótelíð var yfirgefið og haldið að ferjunni í innritun og um borð. Mun fleiri farþegar og farartæki voru nú um borð en þegar við komum út.

Siglingin heim var þægileg og tíðindalaus. Að morgni þriðjuddags var siglt inn Seyðisfjörð og þegar allir voru komnir í land var lagt af stað stystu leið heim. Ferðafélagarnir voru kvaddir með virktum eftir afskaplega ánægjulega ferð.

Við þökkum ferðafélögum okkur fyrir vel heppnaða ferð. Öllum sem við hittum í Færeyjum fyrir framúrskarandi móttökur og gestrisni. Leiðsögumönnum okkar í Færeyjum. Og síðast en ekki síst starfsfólki Fjallasýnar sem aðstoðaði okkur við undirbúning og skipulagningu. Sérstakar þakkir fær Friðgeir bílstjóri sem stóð sig með þrýði við að þræða oft á tíðum mjóa og hlykkjóttu vegi, svo og að vera góður ferðafélagi.

Ferða- og útivistarnefnd Kiwanisklúbbsins Skjálfanda



Aldrei fleiri en nú í Helgafelli

Þriðji ættliðurinn í starf féhirðis hjá Kiwanisklúbbnum í Vestmannaeyjum

Þriðji ættliðurinn starfar nú í stjórn Kiwanisklúbbsins Helgafells sem féhirðir. Jóhann Guðmundsson tók við starfinu á nýju starfsári en það voru faðir hans, Guðmundur Jóhannsson og afi, Jóhann Ólafsson sem settu hann inn í stjórn. Þeir Guðmundur og Jóhann eldri, hafa báðir starfað sem féhirðir í stjórn Helgafells og er Jóhann yngri því þriðji ættliðurinn í beinan karlegg sem sinnir starfinu.

Annars er það að frétta að starfi Kiwanisklúbbsins Helgafells að starf vetrarins hefur verið með hefðbundnu sniði. 1. september síðastliðinn var fyrsti fundurinn á nýjum vetri. Stjórn Helgafells stýrði svo sínum síðasta fundi 16. september áður en stjórnarskiptafundur yrði haldinn 1. október. Í millitíðinni fóru Helgafellsfélagar á Umdæmisþing á Hornafirði.

Fyrsti fundur á nýju starfsári var haldinn laugardaginn 1. október. Þar fóru fram stjórnarskipti og um leið var fundurinn árshátíð Helgafells. Stjórnarskiptafundurinn var vel heppnaður og árshátíðin sem kom í kjölfarið var enn betri, enda skemmtiatriðin glæsileg. Átta nýir félagar hafa verið teknir inn á nýju starfsári, sex á stjórnarskiptafundinum en tveir á fundum sem komu í kjölfarið. Alls eru nú félagar í Kiwanisklúbbnum Helgafelli orðnir 104 talsins, og hafa aldrei verið fleiri en nú.

Um leið tók ný stjórn við störfum en hún hefur fundað þrívægis þar sem hin ýmsu mál hafa verið rakin, m.a. fjallað um ný styrktar-



verkefni, samstarf við aðra klúbba um styrktarverkefni auk innra starf stjórnarinnar. Þá var fjárhagsáætlun unnin en klúbburinn áætlað að skila örliðlum hagnaði næsta haust.

Fyrir utan stjórnarskiptafundin, hefur klúbburinn fundað fjórum sinnum. Meðal annars var hinn árlegi óvissufundur 11. nóvember síðastliðinn en félagar fóru þá í heimsókn í Surtseyjarstofu og Slökkvistöð Vestmannaeyja.

Framundan hjá Helgafelli eru hefðbundnir fundir, sem eru haldnir aðra hverja viku. Fundarsókn það sem af er vetrar hefur verið með miklum ágætum, að meðaltali um sextíu félagar.

Gáfu leikskólum í Eyjum iPad



Á myndinni afhenda þeir Guðmundur Jóhannsson, Egill Egilsson, Magnús Benónýsson og Jóhann Guðmundsson iPad spjaldtölvu á Leikskólanum Sóla en við henni taka þær Júlía Ólafsdóttir og Hrefna Jónsdóttir.

Kiwanisklúbburinn Helgafell kom færandi hendi á leikskólana tvo í Vestmannaeyjum, Kirkjugerði og Sóla. Klúbburinn afhenti leikskólunum tveimur sitthvora iPad spjaldtölvuna en slíkar tölvur þykja henta vel í sérkennslu á leikskólunum. Það voru þær Júlía Ólafsdóttir, leikskólastjóri á Sóla og Emma Hinrika Sigurgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri á Kirkjugerði sem veittu tölvunum viðtöku. Framundan er sala á jólasælgæti hjá Helgafelli, sem er um leið ein stærsta fjáröflun klúbbsins en þá ganga félagsmenn í hús og selja öskju fulla af góðgæti. Daginn áður en salan hefst, koma félagsmenn, börn þeirra og jafnvel barnabörn saman í klúbbhúsi Helgafells og pakka sælgætinu í öskjurnar. Krakkarnir hafa margir hverjir mætt ár eftir ár og geta ekki hugsað sér undirbúning jólanna án þess að pakka niður jólasælgætinu.

Með Kiwaniskveðju

Júlíus G. Ingason

Frá Kiwanisklúbbnum Herðubreið

Starfið í Kiwanisklúbbnum Herðubreið í Mývatnssveit gengur sinn vana gang. Við höfum verið fremur fámennir um hríð og megum muna betri tíma í félagafjölda sem komst mest upp í 33 féлага á 9. áratugnum en við höldum okkar striki, mætum á fundi og þing, sinnum klúbbstarfi og styðjum og styrkjum eftir mætti.

Við seljum m.a. ljósaperur og blóm og um jólin leigjum við fólki ljósakrossa á leiði í kirkjugarðinum í Reykjahlíð. Kveikt er á þeim fyrsta sunnudag í aðventu og fjölgaði útleigðum krossum um 5 í ár og eru þeir nú 38 alls. Þá höldum við áfram að selja vinsæla fuglakornið okkar en allur ágóði þess rennur sem fyrir til Fuglasafns Sigurgeirs í Ytri-Neslöndum. Sigurgeir Stefánsson eða Geiri í Neslöndum eins og hann var yfirleitt kallaður byrjaði að safna eggjum um 1972 og fékk fyrsta uppstoppaða fuglinn 1982, þá tvítugur. Árið 1999, þegar Geiri lést af slysförum á Mývatni ásamt tveimur öðrum, voru uppstoppuðu fuglarnir hans orðnir um 320 og um 100 tegundir af eggjum. Þann 17. ágúst 2008 var Fuglasafn Sigurgeirs svo opnað formlega í þessu nýja



Hluti ljósakrossanna í kirkjugarðinum og Reykjahlíðarkirkja í baksýn.

um Herðubreið og hefur klúbburinn lengi styrkt safnið.

Klúbbfundir eru annan hvern laugardagsmorgun kl. 10.00 í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps. Við reynum að hafa samskipti við aðra klúbba eftir föngum

Einn Herðubreiðarfélagi fór í stóru 55 manna skemmtiferðina frá Óðins-svæði til Færeyja í júní sl. Sú ferð var ógleymanleg, vel heppnuð með frábærum rútbílstjóra, snilldar fararstjóra og skemmtilegum ferðafélögum og tekið á



Fuglasafn Sigurgeirs í Ytri-Neslöndum sem Manfreð Vilhjálmsson teiknaði.

og glæsilega húsnæði og Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands tók að sér að vera verndari safnsins. Geiri var ötull félagi í Kiwanisklúbbn-

en mest eru þau við Skjálfanda á Húsavík. Þau samskipti eru mjög ánægjuleg og góð með sameiginlegum fundum af og til eða gagnkvæmum heimsóknum.



Jóhannes Steingrímsson forseti Herðubreiðar setur ljósakross á leiði Snæbjarnar Inga Jónssonar sem var fyrsti forseti klúbbsins.

móti okkur af góðu og einstaklega gestrisnu fólki. Það þýðir að ferðin var alveg yndisleg og megum við heldur betur halda á spöðunum ef við eigum að geta endurgoldið þær móttökur síðar meir.

Við félagarnir í Kiwanisklúbbnum Herðubreið óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Ég læt svo fljóta hérna með lítinn jólasálm,

njótið jólanna, verið góð hvert við annað og þá sérstaklega við börnin og munið að það er gaman í Kiwanis,:

*Jólin bera birtu inn
í barnsins hjarta Drottinn minn
í huga okkar allra ert
einkum nú um sinn.*

*Allir hlakka einhvers til
ýmsum nægja kerti og spil
eða bara óska sér
andans ró og yl.*

*Þegar hátíð heilög rís
helgan Drottin lof og þrís
saman öll þér syngjum dýrð
sálu okkar lýs.*

*Þeir sem eiga einhvern vin
eiga betra en öll þau hin
þegar jól um borg og bæ
bera helgiskin.*

Með Kiwaniskveðju, *Finnur Baldursson,*
ritari, *Herðubreið*

Hér sést tjörnin sem nær alveg inn í Fuglasafnið og hægra megin á myndinni er bátaskýlið sem geymir bátinn Sleipni sem Jón Sigtryggsson í Syðri-Neslöndum átti og flutti á honum fólk og vörur um Mývatn, jafnt þjóðhöfðingja og almenning.



Hluti fuglanna í Fuglasafni Sigurgeirs. Glæsilegt safn sem vert er að skoða.



K-dagsnefnd, Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi þakkar landsmönnum fyrir frábæran stuðning við landssöfnun Kiwanis „Lykill að lífi“ sem stóð yfir 10. til og með 14. maí sl.

- Lyklar seldust fyrir 33 milljónir
- 3 milljónir fóru sem styrkir til samstarfsaðila við sölu lykla eins og íþróttafélög, skólafélög, unglingsakóra, skátadeilda o.fl.
- **24 milljónir fara í styrki**
- **22. 500.000** hefur verið ráðstafað í samþykktu styrki sem eru:
- **8.500.000** til Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans vegna sérverkefna.
- **8.500.000** til Miðstöð foreldra og barna, sem sem er m.a. með sérúræði vegna fæðingarþunglyndis.
- **5.500.000** til Lautarinnar á Akureyri, sem er athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

Kiwanishreyfingin óskar styrkþegum, Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“ velfarnaðar í þeirra fórnfúsu og mikilvægu störfum fyrir skjólstæðinga sína.

Höldum í heiðri einkunarorðum Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“

„Gleymum ekki geðsjúkum,,!

Fréttir K-dagsnefndar



Landssöfnunin Lykill að lífi K- dagur 2011



Lykill að lífi

Það eru nú 40 ár síðan Kiwanishreyfingin hóf landssöfn til styrktar geðheilbrigðismálum með sölu K-lykilsins sem fer fram á 3ja ára fresti og er söfnunin nú í ár sú 13 sinn. Það var Eyjólfur Sigurðsson Kiwanisfélagi og fyrrum heimsforseti KI sem kom með hugmyndina sem þróaðist í landsverkefni Kiwanis með landsöfnun og ávallt unnir kjörorðinu „Gleymum ekki geðsjúkum“

Lykill að lífi til styrktar geðverndarmálum sem nýtur mikillar velvildar meðal þjóðarinnar og hafa landsmenn tekið vel á móti sölufólki okkar í gegnum tíðina og gert okkur kleift að standa við markmið söfnunarinnar sem eru:

- **Að safna fé til styrktar endurhæfingu geðsjúkra með sölu K-lykilsins til almennings og fyrirtækja.**
- **Að vekja almenning til vitundar um málefni geðsjúkra.**
- **Efla forvarnir með stuðningi við foreldra**

K-dagsnefndin þakkar:

- Forseta Íslands hr. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að vera verndari Landssöfnunarinnar í ár,
- Þeim fyrirtækjum sem voru okkar helstu bakjarlar, Actavis, BYKO, Landsbankinn, N1, Alcoa, Norðurál og Rio Tinto Alcan, fyrir þeirra góða stuðning,
- Margmiðlun sem sá um kynningarmál með frábærum árangri.
- Sundsambandi Íslands sem stóð fyrir sundkeppni í nafni Kiwanis þar sem synt var 5.190 kílómetrar.
- Kiwanisfélögum um allt land fyrir fórnfúst sjálfbodastarf við söfnunina,
- **Íslensku þjóðinni fyrir frábærar móttökur nú sem fyrr.**

Kiwanislykillinn í ár er nú í fyrsta sinn alvöru lykill sem kaupendur geta farið með m.a. í BYKO um allt land og fengið frían skurð, einnig Húsasmiðjan víða um land svo hann nýtist sem lykill að hurðinni heima.

En það var Hörður Baldvinsson stjórnarmaður í K-dags nefndinni sem kom með þessa frábæru útfærslu, sem hefur vakið verðskuldaða athygli.

Einnig vil ég geta þess að í ár er einnig landssöfnun á vegum Kiwanis í Færeyjum og rennur söfnunin þar til styrktarverkefna þar og lýkur söfnuninni í Færeyjum síðar á árinu.

Til styrktarverkefna í ár fer **kr. 22.500.000** sem skiptist þannig:

- **Kr. 8.500.000** til BUGL, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni
- **Kr. 8.500.000** til Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem er; foreldraefling, meðgönguhópar og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.
- **Kr. 5.500.000** til Lautarinnar á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“ (Styrkur til Lautarinnar)



Styrkir Landssöfnunar Kiwanishreyfingarinnar Lykill að lífi voru afhentir til BUGL og MFB í Ráðhúsinu á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október sl. á myndinni eru Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Ragnar Örn Pétursson umdæmisstjóri Kiwanis-umdæmisins, Óskar Guðjónsson fráfarandi umdæmisstjóri nefndarmenn K-dags og fulltrúar styrkþega sem halda á ávísunum.



Á svæðisráðsfundi Óðinssvæðis 12. nóvember var stofnaður styrktarsjóður Lautarinnar og Kiwanis og hann undirritaður og verður úthlutað úr honum til sérstakra verkefna samkvæmt reglum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Lautarinnar og fulltrúa Kiwanisklúbba á Akureyri.

Ragnar Örn Pétursson umdæmisstjóri Kiwanis, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir stjórnarmaður K-dagsnefndar og Sigurjón Pálsson svæðisstjóri Óðinssvæðis afhentu fulltrúum Lautarinnar styrkinn sem er að upphæð kr. 5.500.000, afhendingin fór fram í húsnæði Lautarinnar.

Það er einlæg ósk K-dagsnefndarinnar að styrkir Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“ megi efla þeirra mikilvæga starf í þágu þess fólks sem þar nýtur þjónustu

Höldum í heiðri einkunnarorðum Landssöfnunar Kiwanis „Lykill að lífi“

„Gleymum ekki geðsjúkum“

K-dagsnefnd Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar, Gylfi Ingvarsson formaður, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, Hörður Baldvinsson og Páll Sigurðsson óska öllum Kiwanisfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með kærri þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að ljúka.

Annáll Setbergs, starfsárið 2010-2011 og fleira

Árið var í flestu tilliti hefðbundið. Fundir voru haldir reglulega og fundarsókn var fremur góð. Í lok ársins var fjöldi félagsmanna kominn niður í 16. Einn félaganna féll frá og annar flutti til útlanda. Félagi okkar sem andaðist á árinu var Þór Ingólfsson, einn af stofnendum Setbergs. Hann andaðist þann 8. desember 2010 og var félögum sínum harmdaudi. Þór var ötull kiwanismaður og gegndi m.a. umdæmisstjóraembættinu eitt tímabil. Þór var einnig kunnur skáti og starfaði með skátunum í Garðabæ allt til hinstu stundar.

Á árinu 2010 varð Setberg 35 ára. Í tilfni afmælisins var farin utanlandsferð til Englands, og afmælisblað gefið út fyrir jólin 2010. Blaðið var auglýsingablað með ýmsum greinum og fróðleik. Útgáfa þessi lánaðist vel og gaf drjúgur tekjur í styrktarsjóð.

Ferðin til Englands var skipulögð af ferðafrömuði klúbbsins, Aage Petersen, og réði hann mestu um, að stefnan var tekin á Bath. Brottför var ákveðin 6. júní og heimkoma þann 10. sama mánaðar. Á þessum tíma var gos í Eyjafjallajökli í algleymingi og því hætt við truflunum á flugsamgöngum. Ferðin til Englands gekk þó að óskum og var lent á Heathrow þar sem rúta beið okkar til þess að flytja okkur til Bath. Ferðin með rútunni gekk að óskum og við settumst að í Bath í sæmilegu hóteli. Bath er sögufrægur staður og minjar frá dögum Rómverja eru merkilegar þ.e. böðin og fleira, sem staðurinn ber nafn af. Bath er eini staðurinn á Englandi þar sem heitt vatn kemur úr jörðu og það notfærði rómverska setuliðið sér strax á dögum Krists og komu sér upp frægri baðaðstöðu sem enn sér glögg merki til. Bath er fyrna merkilegur staður og Setbergsfélagar mæla með því að aðrir Kiwanismenn leggi leið sína þangað. Þaðan er einnig stutt að fara til þess að skoða ein mestu undur fornaldar þ.e. Stonhenge og Avebury. Engum hefir enn tekist að skýra til hlítar hvernig tómhentir steinaldarmenn gátu hlaðið saman steinum, sem í sumum tilfellum, eru um 40 tonn að þyngd. Einnig hefir vafist fyrir mönnum að skilja hver tilgangurinn var með þessum ótrúlegu framkvæmdum. Alþýða manna hefir stundum haft það fyrir satt, að hann í neðra hafi átt ein-



hvern þátt í þessum ósköpum. Kirkjan á Englandi aðhylltist jafnvel þessa sögu-skoðun og gekkst því fyrir því að þessum ósóma skyldi útrýmt og var það verk hafið í Avebury þegar heimstjórjöld skall á í Evrópu og verkið stöðvaðist, þess vegna, og ómetaleg menningarleg verðmæti björguðust frá glötun.

Eins og áður sagði stóð gos í Eyjafjallajökli í algleymingi meðan á ferð okkar stóð.

Þegar kom að heimferð kom í ljós að okkar flugi frá London hafði verið

aflýst. Forustusauðir ferðarinnar Aage og Matthías brugðust við skjótt og útveguðu flugfar frá Glasgow en hún er í ca. 700 km. fjarlægð frá Bath. Rúta var því útveguð í skyndi og ferðalangarnir fengu óvæntan útsýnistúr upp eftir allri vesturströnd Englands og Skotlands. Þessi ferð tók einar átta klukkustundir. Þegar komið var á flugvöllinn í Glasgow blasti við okkur fjöldi farþegaflugvéla, sem allar báru merki Íslensku flugfélaganna. Ekki er að orðlengja það að hópurninn komst um borð í flugvél á leið til Íslands og lenti



hún í Keflavík rétt fyrir miðnætti 10. júní. Áhugaverð og vel heppnuð ferð til útlanda var á enda.

Hefðbundin störf á starfsárinu gengu sinn vanagang svo sem þorablót með öldruðum, afhending bókaverðlauna til nemandar í skólum bæjarins, afhending

hjálmna til skólabarna að ógleymdu balli með fötluðum frá samþýlunum þ.e. í Hafnarfirði, Álftanesi, Kópavogi, auk Garðabæjar. Gott samstarf hefur verið, í nokkur ár, um þetta verkefni með Kiwanisklúbbunum á þessu svæði.

Forráðamenn Garðasafnaðar hafa alla



tíð ljáð klúbbunum safnaðarsalinn, án endurgjalds, til þessara hátíðahalda og eru Kiwanismenn þeim þakklátir fyrir það.

Fundarstaður okkar Setbergsmanna hlaut á síðastliðnu sumri nokkra andlitslyftingu, þar sem hann var almálaður að utan, undir traustri forustu Baldurs Ólafssonar. Aðrir félagar tóku þátt í þessu verki þegar þeir gátu því við komið.

Ofangreind umfjöllun tekur til flests af því, sem Setbergfélagar tókum sé fyrir hendur á starfsárinu 2010 – 2011.

Kveðjuorð Elliðafélaga til látins félaga

Ingbór H. Guðnason fyrrverandi Umdæmisstjóri og félagi í Kiwanisklúbbnum Elliða í Reykjavík lést laugardaginn 8. október síðastliðinn.

Við félagar Ingbórs í Elliða viljum þakka honum ánægjulega samfylgd þau 39 ár sem Ingbór starfaði í klúbbnum. Ingbór var okkar fjórði forseti, en hann starfaði sem forseti klúbbsins 1975-1976 og leysti það starf vel af hendi eins og allt annað sem hann vann fyrir klúbbinn okkar. Ingbór var í flestum ef ekki öllum nefndum klúbbsins og gegndi öllum störfum í stjórn klúbbsins. Það var ánægjulegt að vinna með Ingbóri, hann var alltaf rólegur og úrræða góður og flanaði aldrei að þeim verkum sem honum var trúað fyrir. Ingbór var glaðvægur og gat verið hrókur alls fagnaðar ef þannig bar undir og minnumst við félagar hans margra gleði stunda á ýmsum

tímamótum í starfi okkar þar sem hann var fremstur meðal jafningja. Það var einróma álit þeirra félaga í Elliða sem unnu með Ingbóri að þar færi greindur og ráðagóður maður sem væri öllu okkar starfi til sóma bæði í klúbbnum og einnig úti frá í Kiwanishreyfingunni á Íslandi og víðar.

Enda kom það á daginn að yfirstjórn Kiwanis á Íslandi fékk augastað á þessum sóma manni og gegndi hann fjölmörgum störfum fyrir heildarsamtökin og viljum við nefna þau helstu.

Ingbór var Svæðisstjóri fyrir Þórs-svæðið árið 1979-1980 Umdæmisféhirðir 1981-1982 og síðan varð hann æðsti maður umdæmisins eða Umdæmisstjóri 2001-2002. Þessi upptalning sýnir hversu virtur félagi Ingbór var í okkar hreyfingu.

Við í Elliða viljum votta börnum hans og öðrum skyldmennum, okkar dýpstu samúð vegna fráfalls þessa ágæta drengs



og þökkum fyrir að hafa kynnst þessum góða samferða félagi.

Félagar í Kiwanisklúbbnum Elliða í Reykjavík.

Fréttapistill frá Kiwanisklúbbnum Hraunborg

Við Hraunborgarfélagar stóðu saman að eftirtöldum verkefnum sl. vor með kiwanisklúbbnum í Hafnarfirði

- Stærðfræðikeppni grunnskólanna sem Flensborgarskólinn í Hafnarfirði stendur fyrir börn í 8. 9. og 10 bekk. Heildarstyrkuppæð kr. 180 þúsund
- Hjálmaafhendingin í lok apríl þar sem klúbbarnir í Hafnarfirði unnu saman við Kiwanishúsið þar sem foreldrar komu með börnin og var auk þess boðið upp á grillaðar pylsur, svala og nammi frá Góu.
- Dansleikur fyrir Fatlaða einstaklinga 15. maí í samstarfi við Kiwanisklúbbana í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði þar mættu um 95 gestir ásamt 25 starfsmönnum og skemmtu Magni og Á móti sól við mikinn fögnuð.
- K- dags verkefnið sala á Kiwanislyklinum til styrktar geðverndarmálum og tóku allir félagar þátt í verkefninu og seldur klúbbarnir fyrir rétt rúma 3 milljónir.
- Í lok maí var uppskeruhátíð Hraunborgar þar sem við dekrudum við betri helminginn og buðum upp á fordrykk í boðið forseta og við grilluðum síðan stórsteikur í lok á frábæru og árangursríku starfi.
- Í sumar var haldið árlegt Golfmót Hraunborgar og var sigurvegararinn Friðbjörn Björnsson og á eftir var verðlaunaafhending og Grillveisla í sumarbústaði Þorsteins Björnssonar og eiginkonu



Árni Sigurðsson forseti setur Villibráðarhátíðina



Ánægðir Villibráðargestir Hraunborgar

Nýtt starfsár byrjaði með undirbúningi að aðalfjáröflun klúbbsins sem er Villibráðarhátíðin sem haldin var í 25 skiptið og nú í samkomusal FH, Sjónarhól laugardaginn 5. nóvember og sóttu hátíðina um 180 gestir. Árni M. Sigurðsson forseti Hraunborgar setti hátíðina og Gísli Einarsson sjónvarpsmaður var veislustjóri og skemmtikraftur og fór hann á kostum, meistarakokkurinn Jóhann Grétar Sigvaldason sá um Villibráðarhlaðborðið sem var stórglæsilegt og var nú að auki boðið upp á sauðnaut og var það dómur

Fulltrúar Kiwanisklúbba og sigurvegarar í stærðfræðikeppni grunnskólanna





Grétar kokkur við glæsilegt forréttarhlaðborð

gesta að allur maturinn hefði slegið fyrri met um gæði, einnig skemmti Jóhannes Kristjánsson eftirherma sem hefur verið með okkur í öll árin nema árið sem hann dvaldi í Svíþjóð. Gissur Guðmundsson



Tveir frábærir Gísli Einarsson og Jóhannes Kristjánsson

rannsóknarlögga sá um málverkaupþboðið og endurspeglaði efnahagsástandið í landinu að nokkru um væntingar okkar. Síðast var dregið um glæsilega vinninga í happadrætti. Það voru ánægðir gestir sem

kvöddu okkur með fyrirheit að mæta að ári.

Í gögnum á borðum gesta var listi sem menn gátu skráð sig á og í framhaldi yrði haft samband við þá og þeim boðið á kynningarfund hjá klúbbnum, búið er að hafa sambandi og ákveða

5. október lést félagi okkar Þorsteinn Björnsson eftir stutta baráttu við illvígán sjúkdóm og minnumst við hans með virðingu og þökk.

Við Hraunborgarfélagar færum Kiwanisfélögum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsældar á komandi ári.

„Kiwanisfélaginn“

Hef oft velt því fyrir mér hvað er átt við með hugtakinu „góður kiwanisfélagi“ og hvernig á félagi í kiwanishreyfingunni að vinna starf sitt til að verðskulda þetta sæmdarheiti. Í mínum klúbbi eru margir afar duglegir kiwanisfélagar sem hafa starfað lengi í Kiwanis. Félagar sem hafa alltaf mætt vel á fundi, verið virkir í flestum störfum klúbbsins, tekið að sér formennsku í ýmsum nefndum og öll embætti í stjórn einu sinni eða oftast eins og féhirðir, ritari eða forseti, jafnvel verið svæðisstjóri og komist til æðstu metorða í Umdæminu. Svo eru aðrir sem jafnvel eru lítið áberandi hafa hafnað titlum eða embættum en jafnframt helgað sig ákveðnum verkefnum innan klúbbsins og sinnt þeim af trú-mennsku og eljusemi lengi jafnvel í áratugi.

Mér er spurn fallu ekki báðar þessar lýsingar jafnt að göfugum markmiðum kiwanis þar sem segir „Kiwanis er alheimssamtök sjálfbóðaliða sem hafa að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna. Er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna, sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í að bæta samfélagið, og láta gott af sér leiða. Ekki síst vinna kiwanisfélagar að mannúðar og framfaramál-um sem horfa til heilla fyrir bæjarfélög þeirra og verða þannig leiðandi aðilar í sínu byggðarlagi.“

Dæmi úr mínum klúbbi um síðari líkinguna af „góður kiwanisfélagi“ er eftirfarandi lítil frásögn.

Fyrir um meira en 20 árum síðan kom

áskorun sem lítið fór fyrir til klúbbsins frá íþróttafélaginu á staðnum, um hvort klúbburinn vildi styrkja ferð eins fulltrúa á ársþing Íþróttasambands fatlaðra (ÍF). Var erindinu vel tekið og framhaldið var að óskað var eftir því hvort klúbburinn gæti sent einhvern kiwanisfélagann á þingið? Úr varð að einn félagi okkar félst á að taka þetta að sér, en á þessum tíma var ekkert til á Húsavík sem hét íþróttastarf fyrir fatlaða hvað þá að þar væri íþróttafélag sem sinnti þörfum þessa hóps.

Þegar „kiwanisfélaginn“ kom af ársþingi ÍF fullur af fróðleik og andagift yfir hvað þyrfti og væri hægt að gera á svæðinu fyrir fatlað fólk sem vildi stunda íþróttir, kynnti hann það fyrir kiwanisfélagunum í Skjálfanda. Í klúbbnum fór þá fram málefnaleg umræða um íþrótt- og æskulýðsstarf á svæðinu sem leiddi til þess að stofnuð var „Æskulýðs- og boccianefnd“ í klúbbnum sem verið hefur föst starfsnefnd í klúbbnum síðan eða í yfir 20 ár. Fyrsta verk nefndarinnar var að kanna hvort áhugi og vilji væri til að stofna íþróttafélag fatlaðra til að standa fyrir því að sinna þörfum fatlaðra í iðkun íþróttar og fljótlega var stofnuð „Bocciadeild Völsungs“ að frumkvæði og með stuðningi Skjálfanda.

Öll árin síðan hefur stuðningur við íþróttastarf fatlaðra og Bocciadeildina verið eitt af stóru verkefnum Skjálfanda á hverju starfsári í formi vinnu klúbbfélaga og beinum fjárhagsstuðningi. Þetta er starf sem hefur verið klúbbfélögum afar hugleikið og gefandi og ekki síst átt þátt í skemmtilegu

og öflugum starfi klúbbsins gegnum árin.

Títt nefndur „kiwanisfélaginn“ fór fyrir þessu starfi innan klúbbsins og hefur verið formaður nefndarinnar allt frá upphafi og jafnframt kjörinn formaður fyrstu stjórnar Bocciadeildarinnar við stofnun og sinnt því starfi alla tíð síðan. Slíkt starf hefur ekki verið afslöppun eða dvali heldur stöðug vinna og útsjónasemi sem kallað hefur á mikið starf nefndamanna og reyndar allra klúbbfélaga. Starfið fellst m.a. í fjáröflun fyrir íþróttastarfið, koma að þjálfun íþróttafólksins, fjölbreyttu mótahaldi, ferðir á mót og annast alla dómgæslu á mótum hér heima. Á þessum tíma hefur „kiwanisfélaginn“ mætt á flest þing ÍF, farið með íþróttafólkið öll árin á íþróttamót innanlands ekki færri en fjögur á hverju starfsári og komið að og staðið fyrir hönd kiwanisklúbbsins að öllum íþróttamótum sem félagið hefur haldið hér heima hvort heldur er innanhéraðsmót, norðurlandsmót eða íslandsmót.

Það er starf sem þetta sem er svo mikilvægt í starfi og anda Kiwanis, starf sem greinilega hefur skilað miklu fyrir skjólstaðingana og bætt okkar nærsamfélag. Þetta starf hefur líka gefið okkur félögum í Skjálfanda mikið í gegnum árin, gert klúbbinn sýnilegri og stuðlað að meiri samheldni og gleði í kiwanisstarfinu.

Húsavík í nóv. 2011

Egill Olgeirsson,
forseti Skjálfanda

Sólborgarfréttir

Í Sólborg eru nú 25 félagar og í græðling-sklúbbnum okkar Dyngju, eru 12 félagar og hafa fleiri verið að sýna áhuga þannig að vonir standa til að Dyngjufélögum fjölgi á næstu mánuðum. Fyrsti fundur haustsins var haldin 8. september og var eingöngu undirbúningur fyrir komandi umdæmisþing á Höfn í Hornafirði en þangað fjölmenntu Sólborgarkonur. Að þessu sinni höfðu Sólborgarkonur þó sérstaka ástæðu til að sækja þing þar sem ein úr okkar hópi, Hjördís Harðardóttir tók við embætti kjörumdæmisstjóra og Dröfn Sveinsdóttir var kjörin kjörkjörumdæmisstjóri. Á þinginu fékk Sólborg bikar fyrir athyglisverðasta fjáröflunarverkefnið og Hildisif Björgvinsdóttir var valin fyrirmyndar svæðisstjóri, við erum því ákaflega stoltar af okkar öflugum félögum og horfum með tilhlökkun og bjartsýni til komandi ára.

Stjórnarskipi fóru fram þann 30. september í Kiwanishúsinu að Helluhrauni í Hafnarfirði.

Það voru þeir Berþór Ingbergsson og Konráð Konráðsson sem sáu um stjórnarskiptin. Stjórnarskipti eru ákveðin tímamót, stjórn fyrri árs skilar af sér og ný stjórn tekur við, á þessum tímamótum eru gjarnar veittar viðurkenningar og þannig er það hjá Sólborgarkonum. Síðasta verk fráfarandi forseti Petrínu Rögnu Pétursdóttur var að afhenda 4 silfurstjörnur til félaga sem hafa verið í klúbbnum frá upphafsári. Þá veitti hún einnig silfurstjörnu



til Hjördísar Harðarsdóttur fyrir velunnin störf í þágu Kiwanishreyfingarinnar. Emelía Dóra Guðbjartsdóttir var útnefnd fyrirmyndarfélagi og Erla María Kjartansdóttir fékk nælu með áletruninni "Kiwanian of the year" fyrir 100% mætingu á síðasta starfsári.

Fyrsta verk nýs forseta, Þyri Mörtu Baldursdóttur, var að veita Petrínu Rögnu Pétursdóttur fráfarandi forseta silfurstjörnu fyrir vel unnin störf í Kiwanis þau 19 ár sem hún hefur starfað. Eftir að hefðbundinni dagskrá lauk skemmtu félagar og makar sér fram eftir kvöldi við dans, spjall, leik og gleði. Einstaklega vel heppnað kvöld.

Þar til þetta er skrifað höfum við haldið 4 fundi, 2 almenna fundi og 2 félagsmálafundi. Á fyrsta fundinum afhenti forseti, Þyri Marta Baldursdóttir, skipunarbréf til nefnda og hvatti þær til dáða. Fjárhagsnefnd lagði fram fjárhagsáætlun og var hún samþykkt. Þann 20. október fengum við fyrirlesara, Gylfa Þór Gylfason frá fjallgönguklúbbnum Toppförum, hann

sagði okkur í máli og myndum magnaða ferðasögu frá göngu hópsins um Inkaslóðir og fjöll í Perú.

Við fengum fræðslunefnd til okkar 3. nóv. Það voru þau Hildisif Björgvinsdóttir og Benóný Arnar Guðmundson sem komu til okkar og fræddu okkur um fundarsköp, nefndarstörf og fleira varðandi starf í Kiwanisklúbbi, alltaf gott að rifja þetta upp og nauðsynlegt fyrir nýja félagar að fá svona fræðslu. Hildisif og Benóný tóku þetta á léttu nóttunum og úr varð hinn skemmtilegasti fundur með fróðlegu ívafi.

Um miðjan nóvember færðum við Landakotsspítala sjónvarpstæki að gjöf og nú er okkar árlega fjáröflun í fullum gangi, en það er sala á nammikössum. Þann 1. desember ætlum við að halda bingó í sal Flensborgarskólans í Hafnarfirði og þar munu verða margir veglegir vinningar í boði.

Það er því óhætt að segja að starfið gangi vel hjá Sólborgarfélögum, mæting hefur verið með ágætum og klúbburinn blómstrar sem aldrei fyrr.

Óska Kiwanisfélögum og fjölskyldum þeirra ánægjulegrar aðventu og gleðiríkrar jólahátíðar

Hildur Valsdóttir
Blaðafulltrúi Sólborgar

Minningargrein um Árna Magnússon

Fæddur 25. 12. 1937 látinn 17. nóvember 2011 - 11-27

Okkur langar í fáum orðum að minnast Elliðafélaga okkar Árna Magnússonar sem lést 17. nóvember 2011

Með láti Árna Magnússonar sér Kiwanis-klúbburinn Elliði á eftir góðum dreng. Árni átt við veikindi að stríða fyrst fór hann í stóra hjartaaðgerð eftir sl. áramót og virtist hann ná sér vel að aðgerð lokinni. Í byrjun ágúst drifu þau hjónin sig til Bandaríkjanna að heimsækja dóttur sína sem þar býr. Árni virtist vel hress og dreif sig í golf en eftir stuttan tíma fer hann að kenna verkja svo að hann leitaði læknis og komust þeir að því að hann var kominn

með krabbamein í brisi og var fluttur heim og lagður inn á spítala, en síðustu daga sína eyddi hann á heimili sínu með sinni indælu eiginkonu Móeiði Þorlákssdóttur og sínum nánustu.

Árni gekk til liðs við Kiwanisklúbbinn Elliða árið 1992 og var forseti klúbbsins starfsárið 2009 - 2010. Árni var frábær félagi hrókur alls fagnaðar og alltaf stutt í grínið eða góðar sögur af sjónum sem við aldrei þreyttumst að hlusta á, en hann var skipstjóri um margra ára skeið.

Það er stórt skarð höggið í Kiwanis-klúbbinn Elliða því með láti Árna er hann sá þriðji Elliðafélaginn sem deyr á

árinu. Við Elliðafélagar og eiginkonur okkar minnumst Árna vinar okkar með trega og sendum Móeiði og börnum þeirra okkar dýpstu samúð og þökkum Árna samfylgdina. Minningin lifir um góðan dreng.



Félagar í Kiwanisklúbbnum Elliða
í Reykjavík.

Frá svæðisráðstefnu Óðinssvæðis 12. nóv. 2011



Lára Einarsdóttir afhendir formlega styrkt svæðisins frá árinu 2010 til 2011, en það var vöktunartæki fyrir mjög veik börn á barnadeild fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.



Ragnar Örn Pétursson, umdæmisstjóri.



Emelía Dóra fulltrúi K-dags og Ragnar Örn umdæmisstjóri.



Emelía Dóra að undirrita gjafabréfið.



Húsnæði Lautarinnar, athvarf fólks með geðraskanir.



Brynjólfur Ingvarsson geðlæknir og formaður geðverndarfélags Akureyrar tekur við styrk K-dags 5,5 milljón króna. Á myndinni eru auk Brynjólfs, Emelía Dóra, Ragnar Örn og Sigurjón Pálsson svæðisstjóri.



Við erum samstíga. Þess vegna gengur samstarfið svona vel.

Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson, hönnuðir og eigendur KronKron

Hver einasti viðskiptavinur okkar er einstakur og þarfirnar geta verið ólíkar. Með þetta að leiðarljósi höfum við þróað lausnir – sniðnar að þinni atvinnugrein. Hafðu samband og í sameiningu finnum við greiðslulausn sem hentar þínum rekstri.

Fyrirtækjalausnir Valitor | sími 525 2080 | www.valitor.is | fyrirt@valitor.is

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.

Ríki- og sveitarfélög Heildsölur Íþrótt- og félagasamtök

Þjónusta Veitingahús Ferðaþjónusta Verslun

VALITOR
Lausnir án landamæra